

Auður Björk Kvaran
audurk@hafnarfjordur.is



Kynning frambjóðanda vegna framboðs til varaformanns Þroskaþjálfafélags Íslands

Ég hef lengi haft áhuga á að starfa í þágu Þroskaþjálfafélagsins og hef í gegnum tíðina setið í nefndum og ráðum félagsins. Ég hef íhugað framboð til stjórnar félagsins undanfarin ár en ekki látið verða af því þar til nú. Á Fræðsludögum félagsins í febrúar var ég hvött til að bjóða mig fram í stjórn af fleiri en einum þroskaþjálfafa. Ég ákvað því að núna væri tíminn til að láta verða af því. Ég hef nú aldrei verið þekkt fyrir annað en að stefna hátt, þannig að stefnan var tekin á varaformann félagsins.

Mínar helstu áherslur í dag er okkar barátta. Við sem fagstétt erum ótrúlega góð í að berjast fyrir réttindum þeirra sem við störfum með og störfum fyrir. Við erum mjög öflug í að passa upp á þann hóp sem við menntuðum okkur í að starfa fyrir. Í þeirri baráttu eru margir sem gleyma sér sjálfum og sínum réttindum. Þroskaþjálfafélagið er mjög öflugt í að berjast fyrir sínu fólki, þroskaþjálfum í fjölbreyttum störfum. Ég vil leggja þeirri baráttu lið með því að bjóða mig fram í stjórn félagsins í embætti varaformanns. Ég tel að ég geti þannig lagt mitt af mörkum. Ég hef sem þroskaþjálfari unnið á fjölbreyttum vettvangi og skil því stöðu þroskaþjálfafa í ólíkum störfum. Ég tel mig hafa margt fram að færa með mína reynslu af því að starfa á ólíkum stöðum og þá sérstaklega eftir að hafa sinnt starfi forstöðumanns í sólahringsþjónustu. Ég kem því með viðtæka þekkingu að borðinu þegar kemur að réttindum og kjörum þroskaþjálfafa og get auðveldlega tengt við fjölbreyttar aðstæður þroskaþjálfafa. Þau sóknarfæri sem ég sé í dag fyrir okkur sem fagstétt eru mörg. Við þurfum að vera dugleg að koma okkur á framfæri og auglýsa okkar flottu menntun og þá fagþekkingu sem við búum yfir. Við erum stolt stétt og stöndum vel saman og við þurfum að nýta stoltið okkar til að vekja athygli á okkur og mikilvægi okkar sem fagstéttar. Það eru svo fjölbreyttar leiðir sem hægt er að fara og um að gera nýta þær. Þar kem ég sterk að borðinu og hef í gegnum tíðina farið ýmsar óhefðbundnar leiðir til að vekja athygli á okkur sem fagstétt, enda sjaldan verið þekkt fyrir annað en að vera hugmyndarík og yfir meðallagi athyglissjúk -sem er mikill kostur!



Ég hef lengi haft áhuga á að starfa í þágu Þroskapjálfafélagsins og hef í gegnum tíðina setið í nefndum og ráðum félagsins. Ég hef íhugað framboð til stjórnar félagsins undanfarin ár en ekki látið verða af því þar til nú. Á Fræðsludögum félagsins í febrúar var ég hvött til að bjóða mig fram í stjórn af fleiri en einum þroskapjálfa. Ég ákvað því að núna væri tíminn til að láta verða af því. Ég hef nú aldrei verið þekkt fyrir annað en að stefna hátt, þannig að stefnan var tekin á varaformann félagsins.

Ég verð fertug á árinu, gift Þórunni Skúladóttur þroskapjálfa og saman eigum við 5 börn. Ég útskrifaðist sem þroskapjálfi árið 2010 eftir að hafa starfað í 5 ár sem deildastjóri á skammtímadvöl á Svæðisskrifstofu Reykjaness. Eftir útskrift hef ég lengst af starfað á vettvangi frítímans, verið forstöðumaður í sértækum félagsmiðstöðvum hjá borginni auk þess sem ég starfaði sem ráðgjafarþroskapjálfi á frístundahluta Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Ég fór svo í tvö ár yfir á Velferðarsvið borgarinnar þar sem ég starfaði sem forstöðumaður í skammtímadvöl í Árlandi 9. Núna nýlega tók ég við nýju starfi hjá Hafnarfjarðarbæ, þar sem ég starfa sem forstöðumaður yfir sértæku frístundastarfi bæjarins auk þess sem ég er ráðinn í það verkefni að stofna nýtt Tómsundasetur þar sem verður sértækt frístundastarf, sértækt hópastarf fyrir félagslega einangruð ungmenni og atvinnu- og virkniráðgjöf. Ég lauk núna í apríl diplómunámi á meistarastigi í farsæld barna, námi sem fjallar um ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og hef þar að auki stundað meistaranám undanfarin ár í tómsunda- og félagsmálafræði, en það mjakast hægt og rólega samhliða vinnu og fjölskyldu. Ég hef undanfarin ár sinnt fjölbreyttum störfum innan Þroskapjálfafélagsins, byrjaði í Útgáfuráði fljótlega eftir útskrift og sat þar í tvö ár. Ég var einnig í Fagráði í tvö kjörtímabil og skipulagði þar ýmsa viðburði, málþing og starfsdaga, sem var frábær reynsla. Í gegnum tíðina hef ég tekið að mér önnur verkefni fyrir félagið, sem dæmi sit ég núna í Afmælisnefnd sem skipuleggur viðburði á 60 ára afmælisári félagsins sem endar með veglegri afmælisveislu í október. Einnig var ég fengin til að stjórna Hlaðvarpi félagsins í tilefni afmælisársins, sem hefur verið virkilega fjölbreytt og krefjandi verkefni.

Ég býð mig fram sem varaformann Þroskapjálfafélags Íslands. Ég tel mig eiga fullt erindi inn í það embætti. Eftir að hafa starfað fyrir félagið í fjölbreyttum verkefnið tel ég vera kominn tími á að starfa í stjórn félagsins. Ég kem með fjölbreytta eiginleika að borðinu sem ég veit að munu nýtast vel í starf stjórnar, hvort sem það er að skipuleggja frábæra viðburði, sitja í samningarnefndum eða taka mikilvægar ákvarðanir er varða framtíð okkar fagstéttar. Ég er spennt að fá það tækifæri að starfa meira í þágu félagsins og veit að ég mun koma sterk inn í þá vinnu.

Ég hlakka til að sjá ykkur öll á aðalfundi félagsins og vona að þið sýnið mér það traust að kjósa mig í embætti varaformanns.

kærar kveðjur,

Audur Björk Kvaran.

